

Flugslysaæfing Þórshafnarflugvelli 22. október 2016 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á norðurlandi

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

1	Efnisyfirlit	
2	Frá æfingastjóra.....	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
4.1.1	Dagskrá.....	4
4.1.2	Framgangur æfingar	4
4.2	Niðurstaða æfingastjórnar.....	5
4.3	Æfingastjórn	5
4.4	Ráðgjafar	5
4.5	Þátttaka	5
4.6	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	6
4.7	Veður	6
5	Vettvangur.....	8
6	Rýni.....	9
6.1	Ráðgjafar	9
6.1.1	Aðgerðastjórn.....	9
6.1.2	Vettvangsstjórn.....	9
6.1.3	Björgunarstjóri.....	9
6.1.4	Aðhlyningarstjóri	10
6.1.5	Fjöldahjálp	11
6.1.6	Flutningsstjóra	11
6.1.7	Leikarar og förðun	12
6.1.8	Gæslustjóri.....	12
6.2	Rýnifundur	Error! Bookmark not defined.
6.3	Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar.....	13
6.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	Error! Bookmark not defined.
6.3.2	Það sem vel var gert	13
6.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	14

2 Frá æfingastjóra

Vettvangsstjórn starfaði í flugturninum. Ég kom nokkrum sinnum í turninn og fylgdist með og virtist stjórnunin þar vera ákveðin og fumlau. En, enn og aftur er rétt að varpa því fram hvort ekki sé ráðlegra að vettvangsstjórn staðsetji sig nær vettvangi. Þetta hefur verið í umræðunni allengi og þykir okkur sem eru í baklandi æfinganna ástæða til þess að biðja menn að skoða það betur hvort staður vettvangsstjórna sé að jafnaði ekki sem næst vettvangi.

Í nokkur ár hefur Landhelgisgæslan heft það fyrir venju að senda þyrlu á allar flugslysaæfingar. Hefur það haft þann tilgang að björgunarfólk kynnist umgengni við þyrlur en eins og allir vita koma þyrlur gæslunnar að nánast öllum meiri björgunum á landinu og því æskilegt að þeir sem á móti þeim taka kunni til verka. Þyrlunar hafa á æfingum annast flutninga á slösuðum, flutning á björgunarmönnum og tekið þátt í minniháttar leitum. Að þessu sinni fluttu þeir alla slasaða alls tuttugu og einn frá söfnunarsvæði slasaðra og á sjúkrahús (grunnskólinn). Einnig héldu þeir sjóæfingu með björgunarsveitinni Hafliða strax að flugslysaæfingunni lokinni. Þátttaka LHG skiptir máli á svona æfingum og eiga þeir þakkar skilið fyrir jákvæða aðkomu að þessari æfingu.

Strax þegar verkefnum var lokið á flugvelli var haldið í félagsheimilið en þar var boðið upp á súpur, kaffi og brauð. Og í beinu framhaldi var æfingin rýnd. Stjórnendur fóru yfir það sem vel þótti hafa tekist og hvað miður hafði tekist. Þegar farið hafði verið yfir helstu atriði var æfingunni slitið.

Ráðgjafahópurinn sem kom að undirbúningi æfingarinnar vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í hanni fyrir ánægjuleg viðkyrni og jákvætt viðhorf til æfingarinnar og tilgangs hennar.

Það má ekki gleyma þeim aðilum sem leggja vinnu sína í skipulagningu þessara æfinga sem haldnar eru á flugvöllum:

Rauðikross Íslands, Landspítali Háskólasjúkrahús, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra, Isavia, Landhelgisgæsla Íslands, Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Einnig úrlausnaraðilum heima í héraði:

Lögregla, heilbrigðisstofnanir, rauðakrossdeildir, sveitarfélög, björgunarsveitir, slysavarnadeildir, kvennadeildir, flugrekendur, flugvellir, prestar.

Allir þessir aðilum ber að þakka fyrir sitt framlag sem er ómetanlegt.

Bjarni Sighvatsson-Isavia-æfingastjórn.

3 Markmið

Markmið með æfingu þessari er að prófa flugslysaæfingu Þórshafnarflugvallar, auka þekkingu og reynslu viðbragðsaðila í hópslysum og samvinnu.



4 Undirbúningur og framkvæmd

Svo sem alltaf er gert í aðdraganda flugslysæfinga var boðað til kynningar- og umræðufundar um komandi æfingu á slökkvistöðinni á Þórshöfn þann 12. september. Tilgangurinn með slíkum fundum er að fara yfir komandi æfingu, fara yfir helstu rýnipunkta síðustu æfingar og ræða hvort og hvað þurfi að athuga/laga. Ekki síður að heyra í heimamönnum hvort þeir hafi þörf eða áhuga á fræðslu fyrir æfinguna og ekki síður hvort þeir hafi óskir um verkefni, staðsetningu slyssins eða annað sem þeim gæti gagnast í æfingaskyni.

20. október komu ráðgjafar norður og voru haldin fræðslu og kynningarkvöld 20 og 21 okt.

Ýmiskonar fræðsla var haldin þessa daga fyrir ýmsa aðila.

Skrifborðsæfinga var haldin 21. október sem gekk afar vel.

4.1.1 Dagskrá.

Dagskrá æfingarinnar var að mestu með hefðbundnu sniði. Á fimmtu- og föstudagskvöld voru setningar- og stöðufundir. Einnig voru stuttir fyrirlestrar um umgengni við þylur, Tetra fjarskipti, Rauða krossinn, aðkomu að flugslysi, verklegar æfingar í bráðaflokkun og fleira. Á föstudeginum var einnig haldin skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra en reynslan hefur sýnt að slík æfing gagnast vel þeir sem stjórna eiga æfingu daginn eftir og tekur úr þeir mesta hrollinn þegar að alvörunni kemur.

Dagskrá flugslysæfingar Þórshöfn 2016.		
Fimmtudagur 20.okt	Föstudagur 21.okt	Laugardagur 22.okt
<p>Kl.10:00 Boðunarprófun Allir sem eru á viðbragðslistum fá SMS boð frá Neyðarlínunni. Þeir sem ekki fá boð koma athugasemdum til sinna landsamtaka sem geta leiðrétt útkallslista.</p>	<p>Kl.16:30-18:30 Skrifborðsæfing Félagsheimilinu Þórsver. Vettvangsstjórn/aðgerðastjórn + verkþáttastjórar og aðstoðarmenn. <i>Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra</i></p>	<p>Kl.8:30 Fórðun sjúklinga í grunnskólanum. Morgunmatur fyrir leikara og súpa eftir æfinguna</p>
<p>Kl. 19:30-21:30 (ca) Félagsheimilið Þórsver. <u>Setning æfingarinnar.</u> Dagskráin, handrit, gangur æfingarinnar. <i>Ejarni Isavia ca. 15 mín.</i> Lærdómsatriði-rýnipunktur 2013 <i>Friðinnur Isavia 15-20 mín</i> Umgengni við þylur <i>Isavia ca. 20 mín</i> Rauði krossinn í slysaáðgerðum <i>Jón Brynjar Birgisson Rauði kross Íslands 20 mín</i> Leikreglur á slyssað. <i>Grétar-Isavia ca. 5 mín</i> Aðkoma að flugslysi <i>Jónas Guðmundsson Landsbjörg ca. 20 mín</i> Opið öllum sem koma að æfingunni</p>	<p>Kl.20:00. Kynningarfundur í grunnskólanum fyrir þá sem ætla að leika sjúklinga og aðstoðarfólk þeirra. Kl. 19:30-21:30 (ca) Stöðufundur í Félagsheimilinu Ýmis áhersluatriði. <i>Friðinnur Isavia ca. 10 mín</i> Málefni sjúklinga. <i>Vigdís Agnarsdóttir 5 mín</i> Innlegg stjórnenda: Vettvangsstjóri og verkþáttastjórar. <i>10 mín</i> Flugslysaáætlun / fjarskipti Fjarskiptaæfing <i>Almannavarnardeild ca. 45-60 mín</i> Bráðaflokkun/áverkamál/fyrsta hjálp á vettvangi. Verkleg æfing í bráðaflokkun. <i>Sigrún Guðný Péturs-Landsþítali háskólasjúkrahús.</i> Opið öllum sem koma að æfingunni</p>	<p>Kl. 10:30-13:00 (ubb). Flugslysæfingin Neyðarlínan boðar: „Æfing-Þórshafnarflugvöllur-Neyðarstig land-Æfing“ Að æfingu lokinni verður boðið uppá hressingu í félagsheimilinu Þórsver. Eftir æfinguna verður súpa fyrir alla þátttakendur í félagsheimilinu. Þar verður í stuttu máli farið yfir æfinguna. Rýni æfingarinnar verður rafræn og geta allir þátttakendur tekið þátt í henni. Klukkan 14:00 # Rýnifundur í Félagsheimilinu Þórsver . Dagskrá: Stóra myndin -Æfingastjóri Starf vettvangsstjórnar -Vettvangsstjóri Leit og björgun -Björgunarstjóri Söfnunarsvæði slasaðra -Aðhlyningarstjóri Lokanir/umferð/talning -Gæslustjóri Móttaka og flutningur -Flutningastjóri Störf á vettvangi -Rauði krossinn Störf flugvallafólks -Isavia Umræður -Orðið laust/umræður Næstu skref -Isavia Æfingu slitið -Lögreglustjóri Allir þátttakendur á æfingunni velkomnir # Flýtt ef æfingin klárast fyrir</p>

4.1.2 Framgangur æfingar

Æfingin hófst á hefðbundinn hátt með því að kveikt var í bílflökum, dekkjum og öðru dóti og átti með því að líkja eftir brotlendingu vélar. Staðsetning æfingarinnar var á norðurenda og út af honum út í mýri. Viljandi var vettvangur nokkuð dreifður til þess að gera vinnu og stjórnun erfiðari. Undirritaður var allan tímann staðsettur í flugturni og flugstöð og getur því ekki dæmt um vinnubrögð á vettvangi

og vísar til rýni ráðgjafa sem þar unnu. Boðun turns til Neyðarlínu gekk fljótt og vel og fljótlega kom fólk frá heilsugæslunni og Rauða krossinum á staðinn. Á skömmum tíma var lokið við að gera söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð tilbúið undir röggssamri stjórn aðhlyningarstjóra. Í fyrsta skipti á flugslysaæfingu voru settir upp beddar á söfnunarsvæðinu og var það að frumkvæði Rauða kross fólks. Vægast sagt reyndist það frábærlega og var vinnuaðstaða hjálparfólks mun betri fyrir bragðið. Einnig kom á óvart að gólfplássið nýttist betur. Settar voru upp snúrur til að hengja upp vökva. Áverkamatsborð voru sett upp í bílskúr/vörumóttöku. Í stuttu máli voru vinnubrögð fumlaus en ákveðin á söfnunarsvæði slasaðra.

4.2 Niðurstaða æfingastjórnar.

4.3 Æfingastjórn

Æfingastjórn fundaði vikulega í maí mánuði og hálfsmánaðarlega í apríl mánuði. Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Almannavörnum, lögreglu í héraði og Isavia.

Æfingarstjóri	Bjarni Sighvatsson
Æfingastjórn	Rögnvaldur Ólafsson
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson

4.4 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Fylgst er með einstaka þáttum æfingarinnar og skýrslum skilað um hvernig til tókst.

Ráðgjafi RKÍ	Jón Brynjar Birgisson
Ráðgjafi heilbrigðisgeirans	Sigrún Guðný Pétursdóttir
Ráðgjafi Björgunarsveita	Jónas Guðmundsson
Ráðgjafi Björgunarstjóra	Grétar Karlsson
Ráðgjafi Vettvangsstjóra	Friðjón Viðar Pálmason
Vettvangsuppsetning	Aðalbjörn Tryggvason
Vettvangsuppsetning	Jón Þór Gunnarsson
Umsjón Sjúklinga	Vigdís Agnarsdóttir
Vettvangsuppsetning	Veigar Þór Guðbjörnsson

4.5 Þátttaka

Þátttaka var með ágætum, 94 þátttakendur tóku þátt í æfingunni samkvæmt okkar kokkabókum.,

20	Björgunarsveitin Hafliði Þórshöfn
2	Björgunarsveitin Núpar Kópaskeri 1 x bíll
5	Björgunarsveitin Vopni Vopnafirði 1 x bíll
1	Flugturninn Þórshafnarflugvelli
4	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga Þórshöfn

21	Leikarar
1	Lögreglan Húsavík
1	Lögregla Vopnafjörður
11	Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu
11	Ráðgjafar
2	Sjúkrabifreið á Þórshöfn
10	Slökkvilið Langanesbyggðar
1	Starfsmaður flugfélags
4	Vettvangsliðar á Kópaskeri
94	Samtals
3	Gestir

4.6 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

4.7 Veður

Það hefur löngum verið skoðun undirritaðs að veður hafi mikil áhrif á útkomu flugslysaæfinga. Vond veður draga úr vönduðum vinnubrögðum en gott veður hefur jákvæð áhrif á þau. Að þessu sinni var veður með eindæmum gott. Hafa verður í huga að í lok október má búast við hverju sem er á einu nyrsta byggðu bóli landsins. En að þessu sinni skartaði náttúran sínu fegursta með logni og fimmtán stiga hita. Leiddi þetta til rólegri og betri vinnu björgunarmanna.



5 Vettvangur

Vettvangur var settur upp við endann á 02 flugbrautinni, nokkuð dreifður. 4 bíflökum var dreift um svæðið og var eldur í 3 þeirra og klippiverkefni í einu.



6 Rýni

Rýni var framkvæmd með:

Vettvangsrýni ráðgjafa. Ráðgjafar rýna hversu vel verkþáttastjórar náðu markmiðum sínum. Niðurstöður birtar í tölum.

Rýnifundi í lok æfingar

Rafrænni rýni þátttakenda

Góð þátttaka var í rýni sem er mjög mikilvægt fyrir góða framvindu áætlunarinnar.

6.1 Ráðgjafar

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa, ráðgjafar voru staðsettir við hlið verkþáttastjóra og vettvangsstjórnar.

6.1.1 Aðgerðastjórn


Aðgerðastjórn var ekki starfandi á æfingunni

6.1.2 Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn var starfandi í flugturni

6.1.3 Björgunarstjóri


- Hefði mátt nota björgunarsveitafólk til að hlúa að slösuðum og byrja að flytja slasaða burt af vettvangi áður en hann lét leita í nágrenni slysstaðar.



6.1.4 Aðhlyningarstjóri

Aðhlyningarstjóri var búinn að kynna sér þá verþætti sem aðhlyningarstjóri þarf að hafa í huga og manna viðeigandi umsjónarmenn yfir sínum verkþáttum.


Það sem hefði mátt gera betur er að hafa betra yfirlit yfir þann búnað sem til er á vettvangi og hvar hann er (og að allir viti hvaða búnaður er til) og fara þá markvissara yfir hvaða búnað vantar eða mun vanta og fara tímalega í að biðja um þann búnað.



6.1.5 Fjöldahjálp

6.1.6 Flutningsstjóra


- Upphafleg ætlaði flutningastjóri á slysstað en hætt var við það. Þeim er þetta ritar fannst vera misskilningur á þann veg að flutningastjóri (bj.sveitarmaður) ætti eingöngu að stýra/flytja bjargir frá björgunarsveitum en ekki allar þær bjargir er á MÓT mæta.
- Flutningastjóri gekk fljótt og vel í mál og lagði sig fram um að leysa það sem upp kom. Það vantaði þó yfirsýn yfir fjölda bjarga á hverjum verkþætti og það kom í veg fyrir að hægt væri að flytja bjargir á milli verkþátta í samræmi við flæði sjúklinga.
- Bjargir tilkynntu sig ekki á MÓT heldur gengu í þau verkefni sem þau vissu að þau ættu að sinna. Flutningastjóri bað um að bjargir melduðu sig inn en sú ósk kom líklega of seint.



6.1.7 Leikarar og förðun

6.1.8 Gæslustjóri

- Gæslustjóri var með einn til aðstoðar sem sá um talningu. Í raunatburði hefði sennilega þurft mannskap til að hefta ágang á flugvallarsvæðið.



6.2 Viðrunarfundur

Viðrunarfundur var haldin að lokinni æfingu í félagsheimilinu. Þátttakendur æfingar nutu góðra veitinga frá kvenfélaginu. Ekki var haldin eiginleg fundargerð á viðrunarfundinum en rýni sem þar kom fram kemur fram hér að neðan.

6.3 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

6.3.1 Það sem vel var gert

6.3.1.1 Undirbúningur æfingar

- Allir tímar stóðust. Fagfólk
- Upplýsingaflæði varðandi dagsetningar og hvaða viðbragðseinangar tækju þátt. Góður fyrirvari og fínasta eftirfylgni.
- Undirbúningur var allur góður
- Það voru allir mjög jákvæðir og einbeittir í undirbúninginum og hver og einn undirbjó sig vel með því að lesa sér til um hvers væri ætlast til af honum.
- Gott að fá upprifjun á bráðaflokkun.

6.3.1.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

- Heilt yfir gekk æfing vel
- Það gekk allt vel, í heildina séð.

- Það gekk allt vel
- Góð samvinna og góðir stjórnendur. Gott flæði og hver og einn vissi hvers var ætlast til af honum.
- Flutningur sjúklinga
- Slökkvilið og flugvallarstarfsmenn voru tiltölulega fljótir að tryggja vettvang þó að eldur hafi logað um tíma, bráðaflokkun gekk fljótt og vel fyrir sig. Vel gekk að klippa út sjúklinga sem fastir voru í brakinu. Flutningur slasaðra gekk vel þegar þeir hófust. Björgunarsveitir stóðu sig vel í leit og björgun og í flutningi á slösuðum.

6.3.2 Það sem betur hefði mátt fara

6.3.2.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnendur litu svo á að ekkert hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingarinnar

6.3.2.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi	Forgangur
Bráðaflokkunin hefði mátt ganga betur	Allir	Gulur
Bráðaflokkun þarf að æfa betur	Allir	Gulur
Flutningstæki frá slysstað og að SSS voru of fá.	Allir	Rauður
Fráleitt, eins og aðhlyningarstjóri kom inn á, á rýnifundi að hún hafi ætlast til að sjúkrabíll (1 af 2) myndi vera eins og sjúkraskýli á SSS. Sjúkrabíll, þar sem svona fáir bílar eru, mega aldrei vera í því hlutverki.	Heilbrigðisstofnun/sjúkraflutningar	Gulur
Það þarf fleiri flutningstæki. Spurning hvern hægt væri að leysa það, þó ekki væri nema frá slysstað og að SSS. Það væri kannski hægt að vera með einhverja bíla sem ekki eru sérútbúnir í sjúkraflutning í því. Sjúkrabílarnir þurfa að fara sem fyrst að flytja mikið slasaða á sjúkrahús.	Allir	Rauður
Þyrlan olli vonbrigðum. Hennar hlutverk var aðeins sýning. Þeir nýttust í raun lítið sem ekkert í æfingunni sjálfri, og eina verkefnið sem þeir hefðu getað komið að góðu gagni þar, var að flytja 2 sjúklinga sem voru norðan við slysstaðinn úti í mýri og múum. Ég hefði viljað sjá þyrluna gera eitthvað annað verk en að vera bara til sýnis og skemmtunar, fyrst hún kom þetta tímanlega og gat verið á staðnum. Þarna hefðu stjórnendur eins og AST (sem var ekki) eða vettvangsstjórn/björgunarstjóri átt að biðja um aðstoð við þetta verkefni.	Æfingastjórn	Grænn
Björgunarsveita fólk hefði mátt nýta betur í að hlúa að sjáanlegum sjúklingum og hefja flutning á þeim. Of mikið af þeim mannskap var sendur strax í að leita en á meðan biðu slasaðir.	Björgunarstjóri	Rauður
Flutningur á slösuðu fólki hefði mátt hefjast fyrr.	Björgunarstjóri	Rauður

Það hefði mátt huga fyrr að þeim sem augljóslega voru „látir“ t.d. breiða yfir þá.	Björgunarstjóri	Gulur
Björgunarstjóri hefði mátt stjórna því betur hvernig flutningur slasaðra færi fram	Björgunarstjóri	Gulur
Innri lokun óljós og lítil gæsla til að vernda vettvang. Óviðkomandi komst auðveldlega inn fyrir til að taka myndir.	Gæslustjóri	Gulur
Betri uppröðun á búnaði.	Aðhlyningarstjóri	Gulur
Betri mönnun inn á SSS, sérstaklega í lokin þegar nánast allir slasaðir voru komnir þar inn. Óskað var eftir aðstoð frá björgunarstjóra, en hann vildi ekki láta menn af hendi. Óskiljanlegt þar sem mest öll vinnan var búin á slysstað.	Aðhlyningarstjóri/Björgunarstjóri	Gulur
Markvissari lyfjagjafir, t.d. vegna undirbúnings fyrir sjúkraflug (ógleðilyf, verkjalyf o.s.frv.)	Aðhlyningarstjóri	Gulur

6.3.2.3 Einkunn æfingar

Allir sem rýndu æfinguna gáfu henni 10 og voru því á því að æfingin hafi skilað markmiðum sínum.